

## Hulda Kristjánsdóttir

**From:** Íslenski bærinn <islenskibaerinn@gmail.com>  
**Sent:** miðvikudagur, 4. desember 2024 19:00  
**To:** Hulda Kristjánsdóttir; Ingunn Jónsdóttir  
**Cc:** lydurp@byggdasafn.is; Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir; Hauksdóttir Vala; Ástráður  
**Subject:** Friðlýsing og samfélagssáttmáli

Sæl öll,

Samkvæmt bréfi hér að neðan sent 25. okt. sl. hefur um nokkurt skeið farið fram markviss vinna í þá átt að friðlýsa *Austur-Meðalholt* og lagt upp hvað felst í slíkrri aðgerð, sbr. fyrirleggjandi gögn um þetta málefni.

Á þessu stigi er ástæða til að áréttta að þegar til friðlýsingar kemur er í reynd um samfélagslegan sáttmála að ræða sem felur í sér yfirlýsingu um sameiginlega ábirgð og að um sameiginlegan/samfélagslegan ávinning sé að tæða. Í þessu sambandi þarf að takast á við eftirfarandi spurningar og verkefni:

- Með hvaða hætti hyggst nærsamfélagið, þ. e. sveitarfélag og hérað, koma að þessum samfélagsáttmála um friðlýsingu á menningararfi sem jafnframt er eðlilegt að skilgreina sem heimsminjar?
- Hafa komið til tals bein fjárframlög til uppbyggingar, viðhalds ásamt viðeigandi starfsemi? Ef svo er, hvaða upphæðir eru í umræðunni, og hvaða fyririrkomulag er talið við hæfi?
  - Hefur komið til tals að nærsamfélagið fjármagni nauðsynleg stöðugidi í þessu samhengi? Og þá hvað mörg og með hvaða viðmiðum?
  - Er inn í myndinni að nærsamfélagið leggi fram ráðgjöf, umsýslu eða verklega aðstoð í umræddu verkefni?


Þegar um friðlýsingu er að ræða má segja að eigendur séu á margan hátt að afsala sér eignarhaldi og yfirráðum umræddra verðmæta. Því er ætlast til og talið eðlilegt að samfélagið komi til móts við ábirgð og framlag tilfallandi eigenda (oftast í áratugi og aldir) og lýsi yfir í verk sameiginlegri ábirgð á faglegri verndun á umræddum verðmætum, þjóðararfi eða heimsminjum; geri í raun bindandi áætlun um að axla þau verkefni og umsýslu sem lagt hefur verið upp með að gera að samfélagslegri eign á skilgreindum forsendum friðlýsingarinnar. Áður en næsti skref verða tekin í umræddu friðlýsingarferli er því lykilatriði að fulltrúar nærsamfélagsins geri grein fyrir áætlunum um á hvað hátt þeir gera ráð fyrir að koma að umræddum sáttmála um verndun sameiginlegra vermæta. Og jafnframt hvernig þeir muni beita sér fyrir því að afla nausðynlegra fjármuna og atgervis, m. a. frá viðeigandi ríkisstofnunum, og mögulega alþjóðlegum stofnun/sjóðum, til að standa við nausynlegar skuldbindingar með fullri reisu.

Á þessu stigi, í ofnagreindu samhengi, teljum við eðlilegt að Hulda Kristjánsdóttir sveitararstjóri Flóahrepps og Ingunn Jónsdóttir byggðapróunarfulltrúi og famkvæmdarstjóri Háskólafélags suðurlands muni hafa frumkvæði að því að kalla saman samráðsfund með helse forráðafólki í héraðinu, fulltrúum uppbyggingarsjóða og viðeignandi stofnana innan héraðs eða utan eftir því sem við á. Mjög mikilvægt að helst takist að hefja þessa umræðu og þrefingar ekki seinna en þegar þeir Askasleikir eða Bjúgnakrækir koma til byggða. Ekki þarf að taka fram að við erum alltaf tilbún til skrafs og ráðgerða með litlum fyrirvara varðandi mikilvæg samfélagsleg forgangsverkefni, nýsköpun, og einstök sóknarfæri í atvinnuuppbyggingu í héraðinu. - Alla vega gott að heyra frá ykkur áður en Kertasníkir bankar á baðstofudyrnar. .

Bestu kveðjur,  
Hannes og Bryndís

p. s.  
Okkur finnst að ef *Íslenski bærinn* og *Austur-Meðalholt* er í heild sinni skilgreint sem safnavettvangur og friðlýst menningarverðmæti að fasteignagjöld sem nema um 115.000kr á mánuði, þá væntanlega af um 60m2 húsvarðaríbúð, sé í hærri kanntinum. - Miða við þessi viðmið væru meðalbændur á svæðinu að greiða a. m. k. á 600-1.000.000 kr í fasteignagjöld á mánuði. °°

Það væri vissulega hluti af samfélagsáttmála um verndun þjóðarverðmæta og heimsminja að endurskilgreina þessi útgjöld, heyrir væntanlega líka undir uppbyggilegar aðgerðir nærsamfélgsins. 🏠



ÍSLENSKI BÆRINN/TURF HOUSE MUSEUM  
Austur Meðalholtum, 801 Selfoss, Iceland  
[www.islenskibaerinn.is /](http://www.islenskibaerinn.is/)  
[www.facebook.com/islenskibaerinn](https://www.facebook.com/islenskibaerinn)  
<https://www.instagram.com/islenskibaerinn/>  
[islenskibaerinn@gmail.com](mailto:islenskibaerinn@gmail.com)  
+354 694 8108, +354 696 5046



**ÞAR SEM NÁTTÚRAN ER HLUTI AF HÚSINU**  
**WHERE NATURE IS PART OF THE HOUSE**

On Oct 25, 2024, at 1:46 PM, Íslenski bærinn <[islenskibaerinn@gmail.com](mailto:islenskibaerinn@gmail.com)> wrote:

Sæll öll,

Undanfarin ár hafa verið uppi þreifingar í þá átt að torfbærinn að Austur-Meðalholtum ásamt bæjarhól og fylgihúsum verði formlega friðlýstur. Þriðjudaginn 15. október var síðan efnt til fundar og skoðunarferðar með sérfræðinganefnd á vegum Minjastofnunar í þessu samhengi. Þessi fundur reyndist mjög jákvæður og þarna gafst m. a. gott svigrúm til að ræða mikilvægi og sérstöðu íslenska torfbæjararfsins í heimssamhengi bæði með tilliti til útlits/formfræði og sértækra handverkspátta. Á þessum fundi kom jafnframt fram eindregin stuðningur við friðlýsingaráform gamla bæjarins að Austur Meðalholtum og mikilvægi þeirrar aðgerðar fyrir íslenskan menningararf og staðbundna byggingarlist á heimsvísu.

Nú liggur fyrir skjal sem leggur upp um forsendur og umfang friðlýsingarinnar sem er nú til frekari úrvinnslu hjá Friðlýsingarteymi Minjastofnunar. Endanlegt skjal verður síðan lagt fyrir Húsafriðunarnefnd í byrjun nóvember; og í framhald sent til afgreiðslu í Menningaramálaráðuneytinu.

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Íslenski bærinn <islenskibaerinn@gmail.com>  
**Sent:** mánudagur, 9. desember 2024 13:08  
**To:** Hulda Kristjánsdóttir  
**Subject:** Re: Friðlýsing og samfélagssáttmáli  
**Attachments:** Friðlýsingarupplegg.pdf; ATT00001.htm; PastedGraphic-3.png; ATT00002.htm; Þar sem náttúran er hluti af húsinu.jpg; ATT00003.htm

Sæl Hulda,

Hér er skjalið sem dregur upp forsendur og mögulega afmörkun friðlýsingarinnar á gamla bænum að Austur-Meðalholtum.

Þetta er ekki endanlegt skjal því málið er enn í vinnslu hjá Minjastofnun, og ólíklegt að það verði sent til endanlegrar afgreiðslu fyrr en búið er að skipa nýjan ráðherra í menningarmálaráðuneytið. Endanleg friðlýsingarskjöl sem menningarmálaráðherra undirritar er vanalega í styttri kanntinum og frekar formleg.

Hjálagt skjal gæti verið mikilvægt innlegg í umræður um málið innan sveitarstjórnarinnar, þá ásamt skjalinu sem við dreifðum á fundinum 15. okt.

Ef einhverjar upplýsingar og/eða samhengi vantar þá er um að gera að hafa samband, og við getum brugðist við með stuttum fyrirvara; og jafnvel mætt á fund með sveitarstjórninni ef því er að skipta.

Bestu kveðjur,  
Hannes og Bryndís

## Austur-Meðalholt

Friðlýsingarupplegg, inntak, afmörkun

Flóinn er svæðið sem afmarkast af Þjórsá, Hvítá, Ölfusá og Atlandshafinu. Á bæjarhól á miðju þessa svæðis stendur bærinn Austur-Meðalholt<sup>1</sup> sem byggður var í núverandi mynd í lok níttjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu á grunni bæjarhúsa sem staðið hafa á bæjarhólnum í gegnum aldirnar. Þessi bær er dæmigert mannvirki fyrir byggingarstíl meðalstórra torfbæja á suður- og vesturlandi á ofanverðri 19. öld. Á þessum tíma var byrjað að aðlaga bárujárnið að flestum torfbæjum í þessum landshlutum og er Austur-Meðalholt gott dæmi um hugvitsamlega aðlögun þessa efnis að þökum og göflum margra húsanna án teljandi breytinga á byggingarlagi og húsaskipan að öðru leyti. Í gegnum búsetusögu að Austur-Meðalholtum hefur bæjarhóllinn og umhverfi hans orðið fyrir lágmarks röskun en búskapur var aldrei vélvæddur á bænum. Þó hefur all mikil garðyrkja og trjárækt farið þar fram síðustu 80 árin sem setur mikinn svip á umhverfi bæjarins.

Austur-Meðalholt er eitt best varðveitta dæmið um byggingarstíl sem kallaður hefur verið "sunnlenski bærinn". Að Austur-Meðalholtum eru nær öll hús bæjartorfunnar enn til staðar í all góðu ástandi að miklu leyti með upprunalegum innanstokksmunum, og áform um frekari aðhlyningu og enduruppbyggingu á þeim húsum og útihúsum á bæjarhólnum og svæðinu í kring sem enn liggja óbætt hjá garði. Byggingarsaga núverandi húsa er sem hér segir: Baðstofa var (endur)smíðuð 1895, á grunni eldri baðstofu svipaðri að stærð, undir stjórn Sigurðar Magnússonar (1869-1926) trésmíðs frá Baugstöðum. Stofuhús var byggt 1901/3 af Gísla Bynjólfsyni (1871-1961) þjóðhagasmíð frá Haugi. Önnur fyrirliggjandi hús; hlaða, fjárhúshlaða sem stendur við heimreiðina um 50m austan við bæjarhólinn, fjárhús (sem voru sambyggð hlöðinni en eru ekki lengur til staðar, nema að hluta), hesthús, smíðja, hjallur, fjós (sem er í endurbyggingu) kartöflukofi (ekki lengur til staðar, en búið að grafa upp) og sniddugarðar, voru byggðir af eða undir umsjón Jóns Magnússonar (1851-1921) bónda að Austur-Meðalholtum og Hannesar Jónssonar (1892 -1989) sem tók þar við búskap 1924. Hér er ógetið fjölda ónafngreindra einstaklinga sem komu einnig í gegnum árin að smíði, veggjarhleðslu og viðhaldi ofangreindra húsa og umhverfi þeirra.

Öll hús sem byggð hafa verið á bæjarhólnum hafa ávallt verið torfhúsabyggingar. Í öllum hugsunarhætti, byggingaraðferðum og notkun byggingarefnis er Austur-Meðalholt skilgetið afkvæmi íslenskrar torfbæjarhefðar, búskaparháttar og bændamenningar. Hér er þó ein undantekning, lítill 17m<sup>2</sup> sumarbústaður í móðernískum stíl á suðaustanverðum bæjarhólnum byggður af Kristínu Jónsdóttur, sem fædd var í baðstofunni í Austur-Meðalholtum og alin þar upp, og Árna Egilssyni trésmíð árið 1940. Þetta hús var ávallt kallað Nýtt hús og talið vera eina nútímahúsið

<sup>1</sup> Hnit: 63.882998, -20.905206 (63° 52.980'N, 20° 54.312'W) ISN93: 406.389, 376.885



sem byggt var á hólnum, og jafnan talin órofa hluti af húsakosti bæjarins. Nú standa yfir viðgerðir á Nýttúsi og öllum upprunalegum innréttingum þess; þetta fallega og látlausea hús telst hafa varðveislugildi í sjálfu sér.

Austur-Meðaholt er einn af örfáum uppistandandi torfbæjum á Íslandi, ásamt Keldum á Rangárvöllum annar af tveimur varðveittum torfbæjum á suðurlandi og eini varðveitti torfbærinn í Árnassýslu.

Í ljósi upprunaleika húsatorfunnar, sérstöðu í byggingarlagi, samhangandi sögu, góðrar umhirðu síðustu áratugi og aðlögunar að nánast óröskuðu nærumhverfi bæjarins er lagt til að bæjarhóllinn að Austur-Meðalholtum ásamt öllum húsum og mannvirkjum verði friðlýst. Einnig er lagt til að fjárhúshlaða og hesthús við heimreið austan við bæinn og brunnur vestur af bæjahólnum verði friðlýst sem hluti af bæjartorfunni og heildarmynd bæjarins; og í þessu samhengi verði stefnt að endurbyggingu fjárhúsa, kartöflukofa og snidduveggs sem afmarkar framtúnið.

Starfsemi Íslenska bæjarins með rannsóknir, greiningu og fræðslu um fagurfræði og lykil handverksþætti í hinum íslenska torfbæjararfi ætti að reynast mjög hagstæð umgjörð við uppfyllingu á skilyrðum friðlýsingarinnar, ásamt nauðsynlegri umsýslu og áframhaldandi uppbyggingu torfbæjarins að Austur-Meðalholtum. Þessi friðlýsing, -á margan hátt við kjörskilyrði-, gæti jafnframt reynst hornsteinn, heppileg umgjörð og upptaktur í faglegri vinnu við það verkefni að fá íslenska torfbæjararfinn, eða hluta hans, skráðan á heimsminjaskrá UNESCO.





ÍSLENSKI BÆRINN  
TURF HOUSE MUSEUM



Þar sem náttúran er hluti af húsinu  
Where Nature is Part of the House